

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
srn@srn.is

Reykjavík, 16. júlí 2019

Efni: Heimild til að fela einkaaðilum fjármögnun, framkvæmdir og veghald á tilteknum köflum þjóðvega

Samtök atvinnulífsins fagna því að stjórnvöld áformi að leggja fram frumvarp sem gerir ráð fyrir að heimilt sé að bjóða tilteknar framkvæmdir út sem samvinnuverkefni ríkis og einkaaðila. Líkt og kemur fram í áformum um lagasetningu hefur ónæg fjárfesting samhliða miklum vexti hagkerfisins undanfarin ár skapað uppsafnaða fjárfestingarþörf. Jafnvel þó stjórnvöld hyggist verja auknum fjármunum til samgöngumála á næstu árum duga þeir skammt til að mæta áætlaðri þörf. Að mati SA er rökrétt að brúa bilið með samvinnuverkefnum.

Ónægar fjárfestingar í innviðum leiða af sér mikinn kostnað fyrir þjóðfélagið í heild. Ekki aðeins kemur það niður á framleiðni og samkeppnishæfni atvinnugreina, heldur getur einnig valdið aukinni slysaþættu og leitt af sér annars konar heilsufarsvandamál, svo sem vegna meiri mengunar en ella. Sterkir innviðir sem þjóna þörfum atvinnulífsins og heimila stuðla aftur á móti að aukinni samkeppnishæfni, efla framleiðni og styrkja stoðir hagvaxtar til framtíðar.

Samvinnuverkefni hafa ákveðna kosti fram yfir annars konar, hefðbundnari, fjármögnun innviðaframkvæmda. Fyrst og fremst stuðla samvinnuverkefni að áhættudreifingu, en ljóst er að áhættan af innviða uppbyggingu og rekstri þeirra getur verið töluverð, eins og bæði Harpa og Landeyjahöfn bera með sér. Í öðru lagi veita þau ríkinu aðgang að sérfræðipækkingu og fjármagni einkageirans sem gerir því kleift að virkja skilvirkni einkageirans til þess að skila bættri þjónustu til almennings og stuðla að hagkvæmri uppbyggingu innviða. Samvinnuverkefni, ef vel hönnuð, tryggja t.a.m. að viðhaldi sé sinnt jafnóðum í stað þess að tímabil vanrækslu fylgi uppbyggingu, sem t.d. hefur einkennt viðhald opinberra innviða síðasta áratuginn, sem að endingu kallar á kostnaðarsamt viðhald. Þá hefur einkaaðili meiri hvata en hið opinbera til að klára verkefni innan áætlaðs tíma og með sem minnstum tilkostnaði. Hvoru tveggja, betri áætlunargerð og betra viðhald, skilar bættri þjónustu – almenningi til hagsbóta.

Þegar ráðist er í samvinnuverkefni er yfirleitt um að ræða langtímaverkefni, þ.e. til 20-30 ára, þar sem einkaaðili sér um hönnun, framkvæmd og/eða rekstur yfir samningstímamann. Eðli máls samkvæmt gerir einkaaðili kröfu um viðunandi arðsemi en til þess getur ríkið greitt fyrir veitta þjónustu eða veitt leyfi til innheimtu

notkunargjalda. Fjölmargar útfærslur hafa litið dagsins ljós víðsvegar um heiminn, enda kann að vera mismunandi hvað hentar best hverju sinni, en algengast er að einkaaðila sé falin hönnun, framkvæmd og rekstur. Er áhættunni af verkefninu þá komið fyrir í höndum einkaaðilans. Slíkt fyrirkomulag kemur einnig í veg fyrir að óhagkvæmir hvatar skapist við áætlanagerð, s.s. vegna þess að framkvæmdaraðili sér ekki fram á að þurfa að sinna viðhaldi að uppbyggingu lokinni. Nauðsynlegt er því að hagsmunir þeirra sem hafa aðkomu að samvinnuverkefnum séu samstilltir og samningar kveði skýrt á um hvernig ábyrgðir liggja.

SA leggja áherslu á að við gerð samvinnusamninga verði litið til reynslu annarra þjóða af slíkum verkefnum og lærdómur dreginn af þeim mistökum sem hafa verið gerð svo þau verði ekki endurtekin hér. SA telja einnig nauðsynlegt að lögin verði almenn, þ.e. takmarkist ekki við framkvæmdir sem fyrirséð er að ráðast þurfi í nú, heldur séu til þess fallin að skapa stoð í lögum fyrir samvinnuverkefni þegar fram líða stundir, ásamt því að skapa umgjörð og veita nauðsynlegt aðhald við samningagerð.

Virðingarfyllst,



Stefanía K. Ásbjörnsdóttir
f.h. Samtaka atvinnulífsins